



Pistill sveitarstjóra

Skútustaðahreppur

27. feb. 2020 – Pistill nr. 69

Kæru Mývetningar nær og fjær. Ég vek sérstaka athygli á Vetrarhátíð við Mývatn sem verður 6.-8. mars n.k. Þetta er nokkurs konar bæjarhátíð að vetri til þar sem fjölbreytt og spennandi fjölskyldudagskrá verður alla helgina í hinni fögru Mývatnssveit sem er sannkölluð vetrarparadís á þessum árstíma. Sjá nánar síðar í pistlinum.



Góðir gestir af leikskólanum Yl sem mættu á hrepps skrifstofuna á öskudegi í gær. Börnin tóku lagið og fengu góðgæti að launum. Fleiri myndir á bls. 6.

Betri andleg líðan og minni streita

Á fundi sveitarstjórnar voru lagðar fram bráðabirgða niðurstöður könnunar um hamingju og líðan Mývetninga sem Þekkingarnet Þingeyinga sá um. Þetta er annað árið í röð sem þessi könnun er gerð. Helstu niðurstöður eru að andleg heilsa Mývetninga er betri, streitan aðeins minni og hamingjan mælist svipuð á milli ára. Unnið er að aðgerðaráætlun.

Hótel Gígur býðst sem Gestastofa fyrir Vatnajökulspjóðgarð

Á fundi sveitarstjórnar var lagt fram svarbréf Vatnajökulspjóðgarðs dags. 13. febrúar 2020 í



Hótel Gígur.

framhaldi af erindi Skútustaðahrepps frá 3. apríl 2019 þar sem óskað er svara við ýmsum spurningum er varða starfsemi Vatnajökulspjóðgarðs í Mývatnssveit og möguleg áform um byggingu gestastofu. Bréf sveitarfélagsins var liður í þarfagreiningu á starfsemi opinberra stofnana í Mývatnssveit. Í svari Vatnajökulspjóðgarðs kemur m.a. fram að rétt sé að skoða allar færar leiðir til að gera gestastofu í Mývatnssveit að veruleika. Jafnframt segir: „Í því samhengi er rétt að fram komi að nú hefur verið auglýst til sölu Hótel Gígur. Hótel Gígur er húsnæði sem upprunlega var byggt sem heimavistarskóli og síðar breytt í hótél. Þykir svæðisráði norðursvæðis rétt að benda á þennan möguleika og hvetja hlutaðeigandi til að athuga hvort að það húsnæði gæti með breytingum hentað undir umrædda gestastofu.“

Sveitarstjórn tekur undir bókun svæðisráðs norðursvæðis og telur Hótel Gíg tilvalið húsnæði fyrir gestastofu í Mývatnssveit, ekki síst vegna staðsetningar við vatnsbakkann sem er einstök og

hentar til fjölbreyttrar starfsemi. Er þetta einstakt tækifæri til að flýta framgangi verkefnisins sem legið hefur fyrir síðan 2007.

Sveitarfélagið hefur þegar sett sig í samband við umhverfis- og auðlindaráðuneytið, fjármála- og efnagsráðuneytið og mennta- og menningarmálaráðuneytið vegna málsins til að fylgja því eftir. Jafnframt var lagt fram minnisblað sveitarstjóra og oddvita vegna málsins sem sent var að beiðni mennta- og menningarmálaráðherra til ráðuneytisins.



Frá byggingu safntanksins á Hólasandi í vetur. Eins og sést er hann engin smá smíði.

Bygging safntanks á Hólasandi gekk vel þrátt fyrir erfiðar vetraraðstæður

Á fundi sveitarstjórnar var samþykktur samningur á milli Landgræðslunnar og Skútustaðahrepps um framkvæmd dreifingar á svartvatni og seyru á Hólasandi.

Á þriðjudaginn hélt svokallaður fráveituhópur, sem samanstendur af fulltrúum sveitarfélagsins og rekstraraðila, fráveitufund eins og gert hefur verið reglulega síðan þetta verkefni fór af stað. Þar fór sveitarstjóri yfir stöðu fráveitumálanna og umbótaáætlunarinnar almennt og gengur verkefnið samkvæmt áætlun. Sveitarfélagið hefur sett upp fráveitulausnina í grunnskóla, leikskóla og nýrri götu

og þá eru ýmsir rekstraraðilar farnir af stað með sínar breytingar í samræmi við umbótaáætlun.



Frá fráveitufundi síðasta mánudag.

Snævarr Örn Georgsson hjá EFLU fór yfir hönnun á hreinsibúnaði í safntanki á Hólasandi og Einar Bjarni Björnsson hjá verktakanum Húsheild ehf. fór yfir byggingu safntanksins. Þrátt fyrir erfiðar aðstæður á Hólasandi í vetur hafa framkvæmdir gengið ótrúlega vel. Uppsteypu er að mestu lokið en gert hefur verið hlé á framkvæmdum til vorsins. Þá verður lokið við smíði tanksins og hreinsibúnaður settur. Daði Lange hjá Landgræðslunni fór yfir skipulag dreifingar svartvatns næsta sumar og Björgvin Árnason hjá Verkval ehf. fór yfir losun á

svartvatni og seyru í sveitarfélaginu á seinasta ári og áætlanir fyrir þetta ár.



Skólaskákmót Reykjahlíðarskóla

Í síðustu viku fór fram hið árlega skólaskákmót í skólanum þar sem öllum nemendum skólans bauðst að taka þátt. Keppt var í tveimur flokkum, 1. - 7. bekk og 8. - 10. bekk og keppt var eftir Monrad kerfinu. Mótið gekk mjög vel.

Í þremur efstu sætunum í yngri flokki voru:

1. sæti Halldór Björke Helgason
2. sæti Ísak Guðmundsson
3. sæti Aron Dagur Ottósson

Í þremur efstu sætunum í eldri flokki voru:

1. sæti Arna Þóra Ottósdóttir
2. sæti Kristján Snær Friðriksson
3. sæti Júlía Brá Stefánsdóttir

Góð stjórnsluskoðun

Stjórnsluskoðun KPMG fyrir árið 2019 var lögð fram í sveitarstjórn. Í skýrslunni komu engar nýjar ábendingar fram eða athugasemdir varðandi innra fyrirkomulag og stjórnslu. Jafnframt hefur verið brugðist við öllum athugasemdum/ábendingum fyrri ára. Sveitarstjórn fagnaði góðum niðurstöðum.

Styttist í Vetrahátíðina

Helgina 6.-8. mars næstkomandi verður sannkölluð vetrarstemmning í Mývatnssveit en þá verður Vetrahátíð við Mývatn haldin í fyrsta sinn. Þetta er nokkurs konar bæjarhátíð að vetri til þar sem verður fjölbreytt og spennandi fjölskyldudagskrá alla

helgina í hinni fögru Mývatnssveit sem er sannkölluð vetrarparadís á þessum árstíma. Sérstaða Vetrahátíðar við Mývatn eru þær vetraríþróttir sem verða í öndvegi en þar má nefna hestamótið Mývatn Open - Hestar á ís, Íslandsmeistaramót sleðahundaklúbbs Íslands og svo Mývatnssleðinn þar sem fólk keppir á heimalöguðum sleðum á vatninu.



Allir þessir viðburðir eiga það sameiginlegt að vera haldnir á ísi lögðu Mývatni. Í ár verður einnig haldið Íslandsmeistaramót í snjókössi.

Allir þessir viðburðir verða opnir gestum og gangandi sem vilja koma og fylgjast með þessum viðburðum. Veiðifélag Mývatns mun jafnframt bjóða upp á dorgveiði í Mývatni og íþróttafélagið Mývetningur ætlar að halda opnu gönguskíðaspori alla helgina. Hægt verður að heimsækja sleðahundana og það verður barnabraut fyrir fjölskylduna á Álftabáru, lifandi tónlist og tilboð í gistingu og mat alla helgina.

Hægt er að skoða dagskrána á

www.vetrahatic.com

Ríkið leggi meira fjármagn í Jöfnunarsjóð

Á fundi sveitarstjórnar var lögð fram sameiginleg umsögn sveitarstjórnar Skútustaðahrepps og Þingeyjarsveitar um frumvarp um breytingu á sveitarstjórnarlögum og lögum um tekjustofna sveitarfélaga:

"Sveitarstjórnir Skútustaðahrepps og Þingeyjarsveitar eru í formlegum sameiningarviðræðum undir verkefnisheitinu Þingeyingur og senda því sameiginlega umsögn við frumvarpið. Verkefnið Þingeyingur eru einu formlegu

sameiningarviðræður sveitarfélaga sem fram fara um þessar mundir. Áætlað er að kosið verði um sameininguna í lok mars 2021.

Vísað er til fyrri umsagna sveitarstjórna

Skútustaðahrepps og Þingeyjarsveitar. Annars vegar við tillögu að reglum um fjárhagslega aðstoð Jöfnunarsjóðs sveitarfélaga til að greiða fyrir sameiningu sveitarfélaga og hins vegar um frumvarp um breytingu á lögum um tekjustofna sveitarfélaga og sveitarstjórnarlögum (forsendur úthlutana úr Jöfnunarsjóði).

Fulltrúar sveitarfélaganna hafa tekið frumkvæði og stutt dyggilega við stefnumörkun ríkisstjórnar og Alþingis með orðum sínum og aðgerðum. Það eru sveitarstjórnunum því mikil vonbrigði að í engu hafi verið tekið tillit til ábendinga þeirra í fyrri umsögnum. Eru þau sjónarmið því ítrekuð hér og skorað á Alþingi að taka tillit til þeirra. Nauðsynlegt er að ræða frumvarpið í samhengi við stefnumótandi áætlun í málefnum sveitarfélaga fyrir árin 2019-2033 og aðgerðaáætlun fyrir árin 2019-2023 sem samþykkt var á Alþingi 29. janúar sl., því í þeim breytingum sem lagðar eru til á lögum um tekjustofna sveitarfélaga annars vegar og sveitarstjórnarlögum hins vegar má finna hvata og hindranir fyrir því að stefnumörkun stjórnvalda nái fram að ganga.

Veigamesta hindrunin fyrir því að stefna Alþingis nái fram að ganga er að ekki er gert ráð fyrir sérstökum framlögum ríkissjóðs til Jöfnunarsjóðs sveitarfélaga til að standa undir kostnaði vegna sameiningar sveitarfélaga, sbr. 12. gr. frumvarpsins. Sveitarstjórnirnar leggja þunga áherslu á að ríkissjóður taki þátt í því þjóðhagslega mikilvæga verkefni að stuðla að endurskipulagningu íslenska sveitarstjórnarkerfisins með sérstökum framlögum í Jöfnunarsjóð. Óásættanlegt er að fjármagn til stuðnings við sameiningar sveitarfélaga sé tekið af fjármagni til annarra verkefna sem Jöfnunarsjóði er ætlað að fjármagna.

Í skýrslu nefndar ráðherra um Stöðu og framtíð íslenskra sveitarfélaga er lagt til að stjórnvöld taki markvissari þátt í verkefninu um styrkingu sveitarstjórnarstígsins og fjárfesti í því. Sveitarstjórnarfolk í Skútustaðahreppi og Þingeyjarsveit telur að fjárhagslegir hvatar til sameiningar sveitarfélaga séu forsenda hraðari sameininga og þar með fækkunar sveitarfélaga.

Sveitarstjórnarráðherra hefur sjálfur vísað til þess möguleika að fjármögnun ríkisins komi til greina, m.a. í ávarpi á XXXII. landsþingi Sambands íslenskra sveitarfélaga. Á 10. áratugnum og aftur í upphafi aldarinnar beittu ríkisstjórn og Alþingi sér fyrir sameiningum sveitarfélaga. Var það gert með sérstökum

framlögum úr ríkissjóði í Jöfnunarsjóð sveitarfélaga. Nú hefur Alþingi í fyrsta skipti samþykkt heildarstefnumótun í málefnum sveitarfélaga og því eðlilegt að ríkissjóður taki þátt í fjármögnun þeirra stefnu.

Ábendingar við aðrar greinar frumvarpsins

Í 7. gr. frumvarpsins er lögð til sú breyting að Jöfnunarsjóði sveitarfélaga verði veitt heimild til að veita fjárhagslega aðstoð til þess að greiða fyrir sameiningu sveitarfélaga í allt að sjö ár eftir sameiningu, í stað fimm ára áður. Sú breyting felur í sér að framlög greiðast á lengri tíma en áður og er það breyting til hins verra fyrir sveitarfélög sem sameinast. Sveitarstjórnirnar leggja áherslu á að samræmis verði gætt, þannig að framlög vegna skerðinga sem kunna að verða á tekjujöfnunar- og útgjaldajöfnunarframlögum í kjölfar sameiningar verði þá líka veitt til sjö ára, eða að öll sameiningarframlög miðist við fimm ár.

Sveitarstjórnirnar íteka fyrri tillögur um breytingar á útreikningi svokallaðra skuldajöfnunar-fram-laga sem veitt eru við sameiningu sveitarfélaga. Í fyrsta lagi leggja þær til að miðað verði við samstæðureikning, þ.e. bæði A og B hluta. Tillagan er rökstudd með því að skuldir og skuldbindingar fyrirtækja í B-hluta eru háðar samþykki sveitarstjórna og með ábyrgð sveitarsjóða. Þá eru skuldir B-hlutafyrirtækja í mörgum tilvikum með veði í skatttekjum sveitarsjóða og því í eðli sínu skuldbindingar sveitarsjóðs. Í ljósi þess er óeðlilegt að undanskilja skuldir og skuldbindingar B-hluta fyrirtækja við mat á skuldastöðu.

Í öðru lagi leggja sveitarstjórnirnar til að við ákvörðun skuldajöfnunarframlaga verði sömu aðferðum beitt og við útreikning á skuldahlutfalli skv. 2. tölul. 2. mgr. 64. gr. sveitarstjórnarlaga nr. 138/2011, líkt og gert er í reglugerð um fjárhagsleg viðmið og eftirlit með fjármálum sveitarfélaga. Þá leggja sveitarstjórnirnar til að heimilt verði að taka tillit til nauðsynlegs viðhalds og framkvæmda sem mörg sveitarfélög hafa frestað til að standast ákvæði laga um rekstrarjafnvægi og skuldahlutfall. Slíka útgjaldþörf ber að leggja að jöfnu við aðrar skuldbindingar. Sé það ekki gert taka framlögin ekki mið af raun skuldsetningu þeirra sveitarfélaga sem vinna að sameiningu og því er aðstöðumunur þeirra ekki jafnaður að fullu.

Sveitarstjórnirnar styðja tillögur um að heimild til að setja sérreglur um stjórn og stjórnskipulag einstakra sveitarfélaga í tilraunaskyni sé útvíkkuð, sbr. 10. gr. og um auknar heimildir til að nota fjarfundarbúnað á

sveitarstjórnarfundum og öðrum fundum nefnda sveitarfélagsins sbr. 2. gr. frumvarpsins.

Sveitarstjórnirnar lýsa ánægju með tillögu um að sett verði stefna um þjónustustig í byggðum og byggðalögum sveitarfélags samhliða fjárhagsáætlun, sbr. 9. gr. frumvarpsins. Slík stefna kemur til móts við óskir íbúa sem búa fjær byggðakjörnum. Að mati sveitarstjórnar eiga sömu sjónarmið að gilda varðandi þjónustu ríkisins og er skorað á Alþingi að setja samskonar kröfur á ríkisstofnanir að móta stefnu til þriggja ára um það þjónustustig sem skal halda uppi í byggðum og byggðalögum á landsbyggðinni. Við mótun þeirra stefnu skuli viðkomandi sérstaklega leitast eftir samráði við viðkomandi sveitarfélög.

Sveitarstjórnirnar leggja mikla áherslu á að við endurskoðun laga um tekjustofna sveitarfélaga og framlög Jöfnunarsjóðs verði kveðið á um sérstakt framlag til landstórra sveitarfélaga, enda bera þau umtalsverðan kostnað umfram önnur sveitarfélög vegna stærðarinnar. Verði sameining Skútustaðahrepps og Þingeyjarsveitar samþykkt í atkvæðagreiðslu verður til landstærsta sveitarfélag Íslands, sem nær yfir um 12% landsins. Svæðið er stærsta skipulagsumdæmi Íslands þar sem er m.a. að finna stór friðlýst svæði og marga fjölfarna ferðamannastaði. Innan sveitarfélaganna er umfangsmikið net þjóðvega og héraðsvega um sveitir. Sem dæmi má nefna að skólaakstur er um 560 km á dag samanlagt í sveitarfélögunum tveimur og akstur vegna sorphirðu er rúmlega 1.250 km vikulega. Þau börn sem fara um lengstan veg aka 110 km daglega til og frá skóla."

Þingeyingur.is farin í loftið

Samstarfsnefnd sem kannar möguleika á sameiningu Skútustaðahrepps og Þingeyjarsveitar hefur sett heimasíðu verkefnisins í loftið en hana er að finna á slóðinni www.thingeyingur.is. Þar er að finna helstu upplýsingar fyrir íbúa sveitarfélaganna og aðra áhugasama um verkefnið.

Hrós dagsins...

Fær nýja ungmennaráðið okkar sem fer stað af miklum krafti.

Nýtt ræðupúlt í Skjólbrekku

Skjólbrekka hefur loks eignast vandað og gott ræðupúlt en það var tekið í notkun um daginn við

úthlutunarhátíð

Uppbyggingarsjóðs

Norðurlands eystra.

Ræðupúltið var

smíðað hjá Sýrusyni

og er úr hnotuviði

með auðkennismerki

Skútustaðahrepps að

framan.

Á myndinni til hægri

er Eva Hrund

Einarsdóttir,

formaður

úthlutunarnefndar

Uppbyggingarsjóðs

Eypings við nýja

ræðupúltið við

athöfnina í

Skjólbrekku.



Ýmislegt

Að vanda hef ég sótt ýmsa formlega og óformlega fundi að undanförunu og má þar nefna með fastanefndum sveitarfélagsins þ.e. velferðar- og menningarmálanefnd, umhverfisnefnd, skipulagsnefnd, samstarfsnefnd sem skoðar sameiningu Skútustaðahrepps og Þingeyjarsveitar, fjarfund Samorku vegna hitaveitumála, með stjórn SSNE, í sundlaugarnefnd, stjórn Samtaka orkusveitarfélaga, mánaðarlegum forstöðumannafundi sveitarfélagsins, framkvæmdastjórn HNP, með fráveituhópnum o.fl. o.fl.

Ætlunin er að pistill sveitarstjóra birtist tvisvar í mánuði, í kjölfar sveitarstjórnarfunda. Tilgangurinn er að efla upplýsingastreymi sveitarstjórnar. Sveitarstjórapistillinn er sendur út í tölvupósti og birtur á heimasíðu sveitarfélagsins.

Bestu kveðjur

Þorsteinn Gunnarsson, sveitarstjóri

PS! Fleiri myndir frá öskudeginum á næstu síðu.

